



ORKUSTOFNUN

RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri

Jarðhitaleit í Svarfaðardal árin 2000 og 2001

**Niðurstöður rannsókna
og úrvinnsla gagna**

**Bjarni Gautason
Arnar Hjartarson
Ólafur G. Flóvenz**

Unnið fyrir Hitaveitu Dalvíkur

2002

OS-2002/006

**Bjarni Gautason
Arnar Hjartarson
Ólafur G. Flóvenz**

Jarðhitaleit í Svarfaðardal árin 2000 og 2001

**Niðurstöður rannsókna og úrvinnsla
gagna**

Unnið fyrir Hitaveitu Dalvíkur

OS-2002/006

Janúar 2002

ISBN

ORKUSTOFNUN – RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími: 569 6000 – Fax: 568 8896

Akureyri: Háskólinn á Akureyri, Sólborg v. Norðurslóð, 600 Ak.

Sími: 463 0559 – Fax: 463 0560

Netfang: os@os.is – Veffang: <http://www.os.is>

Skýrsla nr.: OS-2002/006	Dags.: Janúar 2001	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: JARÐHITALEIT Í SVARFAÐARDAL ÁRIN 2000-2001 Niðurstöður rannsókna og úrvinnsla gagna		Upplag: 30
		Fjöldi síðna: 35
Höfundar: Bjarni Gautason Arnar Hjartarson Ólafur G. Flóvenz		Verkefnisstjóri: Guðni Axelsson
Gerð skýrslu / Verkstig: Jarðhitaleit, rannsóknarboranir		Verknúmer: 8-610630
Unnið fyrir: Unnið fyrir Hitaveitu Dalvíkur		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Teknar eru saman helstu niðurstöður jarðhitaleitar í Svarfaðardal á árunum 2000 og 2001. Rannsóknirnar beindust einkum að Laugahlíð og nágrenni Húsabakkaskóla. Fyrst var gert sprungukort á grundvelli jarðskjálftagagna Veðurstofunnar og leitað að virkum jarðskjálftasprungum. Í framhaldi af því voru boraðar 7 hitastigulsholur. Síðan voru gerðir líkanreikningar til að meta líklegan hita djúpt í aðfærsluæðum lauganna í dalnum. Niðurstöður rannsókna urðu neikvæðar. Kortlagning smáskjálfta og sprungna og hitastigulsboranir gáfu hvorki vísbendingar um lekar sprungur né uppstreymi heits vatns umfram það sem þekkt er í Laugahlíð. Efnagreining á nýju sýni úr holu LA-1 í Laugahlíð bendir til þess að vatnið þar hitni ekki verulega með dýpi. Bestu kostirnir til að kanna hvort heitara vatn sé að finna á svæðinu eru að dýpka holu SD-6 eða bora dýpri holu í Laugahlíð. Þá mætti kanna hagkvæmni hitaveitu frá jarðhitasvæðinu við Hamar.		
Lykilorð: Jarðhitaleit, jarðskjálftar, sprungur, hitastigull, boranir, Svarfaðardalur		ISBN-númer:
		Undirskrift verkefnisstjóra:
		Yfirfarið af: GAx, PI

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	5
2.	FYRRI RANNSÓKNIR.....	5
3.	JARÐSKJÁLFTA- OG SPRUNGUKORT.....	6
3.1.	Jarðskjálftavirkni við Eyjafjörð.....	6
3.2.	Jarðskjálftavirkni í Svarfaðardal.....	7
3.3.	Sprungukortlagning í Svarfaðardal.....	8
4.	RANNSÓKNABORANIR OG HITASTIGULSMÆLINGAR.....	10
4.1.	Almennt um hitastigulsmælingar.....	10
4.2.	Rannsóknaboranir í Svarfaðardal.....	10
5.	LÍKANREIKNINGAR.....	13
6.	NIÐURSTÖÐUR.....	15
7.	HEIMILDIR.....	16
	VIÐAUKI A: Hitamælingar í borholum í Svarfaðardal.....	17
	VIÐAUKI B: Borskýrslur Verktaka.....	23

TÖFLUR

Tafla 1.	<i>Yfirlit um borholur í Svarfaðardal.</i>	12
----------	--	----

MYNDIR

Mynd 1.	<i>Upptök skjálfta við Eyjafjörð frá 1. febrúar 1994 til 31. desember 2001.</i>	7
Mynd 2.	<i>Sprungukort af Svarfaðardal og næsta nágrenni.</i>	9
Mynd 3.	<i>Hitamælingar í borholum LA-01 og LA-02 í Laugahlíð í Svarfaðardal.</i>	18
Mynd 4.	<i>Hitamælinga í holum SD-01 og SD-02 í Svarfaðardal.</i>	19
Mynd 5.	<i>Hitamælingar í holum SD-03 og SD-04 í Svarfaðardal.</i>	20
Mynd 6.	<i>Hitamælingar í holum SD-05 og SD-06 í Svarfaðardal.</i>	21
Mynd 7.	<i>Hitamælingar í holu SD-07 í Svarfaðardal.</i>	22

1. INNGANGUR

Í apríl 1998 funduðu bæjar- og veitustjóri Dalvíkur með fulltrúum Rannsóknasviðs Orkustofnunar (ROS) og ræddu þann möguleika að leita að heitu vatni fyrir byggðina í grennd við Húsabakkaskóla í Svarfaðardal, en hún nýtur ekki jarðhita sem stendur. Of kostnaðarsamt þótti að leiða vatnið frá Dalvík fram dalinn. Því voru ræddir möguleikar á jarðhitaleit í Svarfaðardal. Í Laugahlíð ofan við Tjörn og Húsabakka er þekktur jarðhiti, en þar er um 26°C heitt vatn í volgrum, sem lengi hefur verið nýtt í Sundskála Svarfdæla.

Í kjölfar fundarins var birt greinargerð, *Áætlun um jarðhitarannsóknir í Svarfaðardal* (Ólafur G. Flóvenz, 1998), þar sem lagðar voru fram tillögur um hvernig jarðhitaleit í nágrenni Húsabakkaskóla yrði háttað. Tillögurnar gerðu ráð fyrir að sprungukort yrði unnið, og jafnframt yrðu jarðskjálftagögn Veðurstofunnar könnuð og vísbendinga leitað í þeim um virkar jarðskjálftasprungur. Loks var lagt til að bora allt að 7 hitastigulsholur í Svarfaðardal, sem staðsettar yrðu í ljósi niðurstaðna kortlagningarinnar.

Bæjar- og veitustjóri Dalvíkur fóru þess á leit við fulltrúa ROS um miðjan maí 2000 að þessari áætlun um jarðhitaleit í Svarfaðardal yrði fylgt eftir. Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður rannóknanna og settar fram hugmyndir um næstu skref.

2. FYRRI RANNSÓKNIR

Í skýrslu Orkustofnunar um jarðhitann í Laugahlíð í Svarfaðardal (Árni Hjartarson, 1985) eru teknar saman helstu rannsóknir á svæðinu til þess tíma. Eins og fram kemur þar hefur áhugi manna lengst af beinst að laugunum í Laugahlíð. Þar var boruð 180,5 m djúp hola (LA-1) með jarðbornum Sullivan III snemma árs 1965 (sjá töflu 1). Vatn úr þeirri holu hefur, æ síðan, verið nýtt í Sundskála Svarfdæla. Borfyrirtækið Alvarr ehf. var fengið til að bora aðra holu í Laugahlíð í nóvember 1994 (LA-2). Sú hola var staðsett við Laugastein í Laugahlíð nokkru norðar en fyrri holan. LA-1 gaf 2,7 l/s af 34,5°C heitu vatni 1965, en 1984 var rennsli og hiti mælt við inntakið að sundskálanum og reyndist þá vera 2,5 l/s af 32,7°C heitu vatni (Árni Hjartason, 1985). LA-2, sem er 100 m djúp, sker vatnsæð á um 60 m dýpi og er hitinn í henni nánast sá sami í allri holunni eða um 26°C.

Efnainnihald vatnsins í Laugahlíð hefur verið greint nokkrum sinnum á liðnum áratugum og er ágætt yfirlit um þær greiningar að finna í skýrslu Árna Hjartarsonar (1985). Ekki er að sjá í þeim gögnum neinar vísbendingar um að mikið heitara vatn sé að finna á meira dýpi undir Laugahlíðinni, en pH vatnsins er hátt (pH = 9,3 til 10,3) í öllum greiningum og kann það að skekkja hitamatið eitthvað.

Á síðastliðnum árum hafa jarðvísindamenn gert sér æ betur grein fyrir samspili virkra jarðskjálftasprungna og jarðhita. Talið er að virkar jarðskjálftasprungur eigi mikinn þátt í að mynda og viðhalda jarðhitakerfum (Axel Björnsson o.fl., 1990; Grímur Björnsson og Kristján Sæmundsson, 1998). Við flestar jarðskorpuhreyfingar verða jarðskjálftar, sem oftast eru smáir og aðeins mælanlegir með nákvæmum jarðskjálftamælum. Miklar framfarir í skjálftavísindum og uppsetning jarðskjálftamælikerfis Veðurstofu Íslands

(SIL) hefur gert það kleift að hægt er að kortleggja virkar og vatnsleiðandi sprungur í jörðinni með upptakagreiningu, þ.e. að reikna afstæð skjálftaupptök nákvæmlega.

Þessari tækni hefur verið beitt víða í jarðhitaleit (sjá t.d. Ólaf G. Flóvenz og Ómar B. Smáráson, 1997) og gefið góða raun og er hún því orðin mikilvægur þáttur í almennri jarðhitaleit.


3. JARÐSKJÁLFTA- OG SPRUNGUKORT

3.1. Jarðskjálftavirkni við Eyjafjörð

Kortlagning brotflata með upptakagreiningu jarðskjálfta hefur gefið mikilvægar upplýsingar um brotabeltið norður af Íslandi sem jafnan er nefnt Tjörnesbrotabeltið (Sigurður Rögnvaldsson o.fl., 1998; Sigurður Th. Rögnvaldsson, 2000).

Tjörnesbrotabeltið tengir saman eystra gosbeltið og Kolbeinseyjarhrygg norður af Íslandi. Dreifing jarðskjálfta á svæðinu bendir til að brotabeltið samanstandi af þremur meginmismengjum, eða veikleikabeltum, með stefnu VNV-ASA. Grímseyjarbeltið sem er nyrst liggur frá Grímsey og inn á Öxarfjörð. Í miðjunni er Flateyjar-Húsavíkurmismengingdið sem liggur með norðurströnd Flateyjarskaga og tekur land nærri Húsavík. Syðst af þessum þremur er Dalvíkurbeltið sem liggur um Dalsmynni, þvert yfir Eyjafjörð um Hrísey og Dalvík og inn á Tröllaskaga. Dalvíkurbeltið liggur að mestu á landi en lítil merki þess er að finna á yfirborði. Á öllum beltunum hafa orðið sniðgengisskjálftar af stærðinni 6 á Richterkvarða, eða stærri, og eru skjálftahrinur tíðari á nyrðri beltunum en á Dalvíkurbeltinu. Dalvíkurskjálftinn 1934 átti líklega upptök sín á Dalvíkurbeltinu. Skjálftavirkni á Dalvíkurbeltinu virðist vera tengd vinstri handar sniðgengishreyfingu á sprungum með norðlæga stefnu.

Við jarðhitaleit á Árskógsströnd 1996 voru könnuð skjálftagögn úr gagnabanka Veðurstofu Ísland (Ólafur G. Flóvenz og Ómar Bjarki Smáráson, 1997). Í ljós komu vísbendingar um jarðskjálftasprungu með NNV-læga stefnu eða sömu stefnu og annað tveggja sprungukerfa við jarðhitann í Hrísey. Þessi stefna er svipuð stefnu þeirrar sprungu sem kortlögð var norðvestan við Hrísey (Sigurður Th. Rögnvaldsson, 2000) og er líklega um sömu sprunguna að ræða. Að auki ræða jarðhitasvæðin í Hrísey, Brimnesborgum, Ytri-Vík og hugsanleg jarðhitasvæði við Arnarnes sér á beltinu með NNV-læga stefnu og eru þau væntanlega í tengslum við þessa sprungu eða sprungubelti. Mynd 1 sýnir legu þekktu jarðskjálftasprungunnar við Hrísey, Dalvíkurbrotabeltið og dreifingu jarðhita á svæðinu.



Mynd 1. *Upptök skjálfta við Eyjafjörð frá 1. febrúar 1994 til 31. desember 2001, með upptakadýpi meira en 1 km samkvæmt gagnagrunni Veðurstofu Íslands. Myndin sýnir einnig ætlaða legu Dalvíkurbrötabeltisins. Þekktir jarðhitablettir eru sýndir á kortinu og skjálftasprungu sem líklega tengir jarðhitasvæðin við Arnarnes [Nafir, ATH] (syðst) Ytri-Vík, Brimnesborgir og Hrísey (nyrst) (sjá texta). Athygli vekur að jarðhitakerfin við Laugahlíð, Hamar, Merkisvík og Hrísey raða sér á línu með NA-SV-læga stefnu.*

3.2. Jarðskjálftavirkni í Svarfaðardal

Við könnun skjálftavirkni vegna jarðhitaleitar í Svarfaðardal var háttur hafður á líkt og við könnun jarðskjálftavirkni á Árskógsströnd 1996 (Ólafur G. Flóvenz og Ómar Bjarki Smáráson, 1997). Upplýsingum um jarðskjálfta á svæðinu var safnað saman úr sjálfvirkra gagnagrunni Veðurstofu Íslands, sem opinn er almenningi á Internetinu. Þar er að finna upplýsingar um hvern mældan skjálfta, s.s. tíma, hnit upptaka, dýpi, stærð og hvað hann sést á mörgum mælistöðvum, sem gefur vísbendingu um óvissu í staðsetningu; því færri stöðvar, því meiri óvissa. Þess ber að geta að gögnin eru tekin beint úr sjálfvirkra gagnagrunni Veðurstofunnar og hafa þau ekki verið leiðrétt eða unnin á neinn hátt. Ónákvæmni í staðsetningu og dýpi er því áætluð í kringum 1–2 km. Í mörgum tilvikum er unnt að minnka þessa óvissu verulega og fá fram stefnu og halla sprungnanna, sem eru að hreyfast með talsverðri nákvæmni ef beitt er svokölluðum afstæðum stað-

setningum (Sigurður Rögnvaldsson, 2000). Það er hins vegar talsvert mikið verk og var því ekki gert í þessu tilviki.

Valdir voru skjálftar sem áttu upptök sín við Eyjafjörð frá árinu 1994 en Veðurstofan setti upp jarðskjálftamæli við Hellu á Árskógsströnd ársbyrjun 1994. Skjálftar fyrir þann tíma hafa lítið gildi vegna mikillar ónákvæmni í staðsetningu. Fyrst voru skoðaðir allir skjálftar á svæðinu sem orðið hafa á þessu tímabili, en síðan voru teknir út þeir skjálftar sem hafa upptakadýpi < 1 km. Þetta var gert til að draga sem mest úr fölskum “jarðskjálftum” sem verða t.d. vegna sprenginga samfara vegagerð og grjótnámi. Ekki verður hjá því komist að einhverjir náttúrulegir skjálftar séu teknir út um leið og ekki er heldur víst að tekist hafi að síða burtu alla skjálfta sem stafa af sprengingum.

Mynd 1 sýnir staðsetningar jarðskjálfta við norðanverðan Eyjafjörð frá febrúarbyrjun 1994 og fram til ársloka 2001 með upptakadýpi > 1 km. Nokkrir skjálftar mældust í Svarfaðardal á þessu tímabili. Þeir eru hins vegar of fáir og dreifing þeirra of mikil til að hægt sé að kortleggja með þeim ákveðnar sprungur. Niðurstaðan er því sú að of fáir jarðskjálftar hafa verið í Svarfaðardal frá 1994 til að gefa gagnlegar upplýsingar um lekar sprungur í bergrunni dalsins.

3.3. Sprungukortlagning í Svarfaðardal

Sprungukortið var fyrst og fremst unnið eftir loftmyndum en athuganir á rannsóknarsvæðinu sjálfu voru takmarkaðar. Þar sem láglandi í Svarfaðardal er allt hulið þykkum setlögum er ekki mögulegt að kortleggja sprungur í bergrunninum þar. Sprungukortið byggir því aðallega á athugunum á fjallendinu í kringum leitarsvæðið í Svarfaðardal. Ekki er vafi á að marga sprungurnar sem sjást í fjöllunum ofan dalsins teygja sig áfram inn undir sethuluna í dalnum.


Rétt er að geta þess að við svona kortlagningu er ekki hægt að gera greinarmun á göngum, sprungum eða misgengjum. Kortið sýnir einfaldlega línuleg form í landslaginu sem nær öruggt má telja að ekki stafi af mannavöldum (t.d. slóðar, vegir og háspennulínur svo eitthvað sé nefnt). Líta má svo á að kortlagðir séu veikleikar í berggrunninum. Ekki er hægt að segja neitt um afstæðan aldur þeirra, nema með mjög ítarlegum athugunum í mörkinni. Slík vinna er mjög tímafrek, sérstaklega í þessu tilviki þar sem könnun sprungna felur í sér töluverða göngu um fjallendi.

Tilgangur með sprungukortlagningu er að fá yfirlit yfir allar helstu sprungur og algengustu sprungustefnur á svæðinu. Sprungur og gangar veita, eins og áður sagði, oft heitu vatni af töluverði dýpi í átt að yfirborði. Jarðvísindamenn hafa veitt því athygli að oft er góð fylgni milli stefnu sprungna og ganga í bergrunni og stefnu dala og gilja á sama landsvæði (Haraldur Sigurðsson, 1967). Þetta bendir eindregið til þess að sprungur hafa mikil áhrif á rof jarðlagastöflans.

Stefna og halli sprungna, tengist því spennuástandi sem ríkti í bergrunninum á þeim tíma sem þær mynduðust. Finnist vísbendingar um sprungustefnu í kortlagningunni, sem líka kemur fram í skjálftum, er líklegt að bæði lekt og jarðhiti gæti tengst slíkum sprungum.

Sprungukortið er sýnt á mynd 2. Lítil áttarós sem sýnir dreifinu sprungustefnanna er felld inn á myndina. Þar sést að VNV- og NV-lægar sprungur eru algengar á þessu svæði. Einnig kemur fram að nokkuð er af N-S lægum sprungum. Stefna VNV- og NV-

lægu sprungnanna er áþekkt stefnu Dalvíkurbrotabeltisins. Í hliðinni ofan Húsabakka-skóla er berggangur (Fossabrún) sem liggur nokkuð samsíða hliðinni. Uppstreymi meðfram ganginum er talið fæða laugarar í Laugahlíð (Árni Hjartarson, 1985). Stefna gangsins er aðeins vestan við norður, en það er algeng gangastafna á Eyjafjarðasvæðinu.



Mynd 2. Sprungukort af Svarfaðardal og næsta nágrenni. Staðsetningar borholna sem boraðar voru í þessu leitarátaki eru einnig sýndar. Innfella myndin er áttarós sem sýnir tíðni helstu sprungustefna á svæðinu.

Að lokum er það nefnt hér að sprungukortlagning á Flateyjaskaga (Fjäder o.fl., 1994) sýnir að VNV-lægar sprungur eru mjög algengar á svæðinu frá Þorgilsfirði að Flateyjardal. Lega þessa landsvæðis rétt sunnan Flateyjar-Húsvíkurmisgengisins er áþekkt legu Svarfaðardals m.t.t. Dalvíkurbrotabeltisins.

Eins og fram kemur hér að ofan var lítið um skjálfta í Svarfaðardal á þeim tíma sem athuganir okkar ná til. Hins vegar vakti nokkra athygli að jarðhitablettir við Laugahlíð, Hamar, Merkisvík og í Hrísey raða sér á línu með NA-SV stefnu (mynd 1). Ekki er loka fyrir það skotið að þessi röðun jarðhitakerfanna tengist e.k. veikleika í berggrunninum. Aðeins tveir skjálftar raða sér á eða við þennan meinta veikleika, báðir með upptök rétt NA við Hamar. Leggja verður þó mikla áherslu á að hér er aðeins um tilgátu að ræða. Röðun þessara jarðhitakerfa á NA-SV læga línu kann að vera hrein tilviljun.

4. RANNSÓKNABORANIR OG HITASTIGULSMÆLINGAR

4.1. Almennt um hitastigulsmælingar

Hitastigulsmælingar hafa reynst ágætlega til að staðsetja uppstreymisrásir í jarðhitakerfum á Íslandi (Grímur Björnsson og Kristján Sæmundsson, 1998). Hitastigulsmælingar fara þannig fram að boraðar eru grunnar borholur (60–100 m) í berggrunninn og hiti síðan mældur með dýpi. Hitastigull segir til um hversu mikið hitinn hækkar með dýpi og er vanalega gefinn upp í einingunni °C/km. Sé hitastigullinn ótruflaður endurspeglar hann varmaflæði til yfirborðs. Hitastigull án áhrifa jarðhitakerfa er kallaður svæðisbundinn hitastigull eða bakgrunnshitastigull.

Bakgrunnshitastigull ræðst aðallega af aldri jarðskorpunnar og lækkar yfirleitt með fjarlægð frá gosbeltunum. Hann er um 40–60 °C/km í Eyjafirði utan jarðhitasvæða. Innan jarðhitasvæða er hitastigull nálægt yfirborði meiri en utan þeirra og því eru hitastigulsmælingar hentugar til leita að jarðhitakerfum. Hitastigulsmælingar má svo í framhaldi af því nota til að staðsetja uppstreymissvæði kerfanna á hitastigulkorti.

Þó að hitastigulsfrávik hafi verið kortlagt er ekki þar með sagt að þar sé örugglega heitt vatn á ferðinni, en hitastigulsfrávik koma iðulega fram ef vatn rennur í einhverju magni um sprungur eða lárétt lög nálægt yfirborði í berggrunninum. Það á jafnt við hvort sem vatnið er heitt eða volgt. Jarðhitaleit með hitastigulsmælingum miðar af því að finna slík frávik, tengja þau öðrum jarðfræðilegum gögnum og bora síðan dýpri rannsóknarholu til að kanna hvort sé um að ræða rennsli á heitu eða volgu vatni. Vert er að hafa í huga nokkur atriði sem geta truflað mælingar á hitastigli, svo sem rennsli milli æða í rannsóknarholunni, vatnsrennsli í jarðlögum, mismunandi varmaleiðni bergs í nágrenni holunnar og landslagsáhrif.

4.2. Rannsóknaboranir í Svarfaðardal

Boraðar voru 5 hitastigulsholur í júlí og ágúst árið 2000. Jarðborinn Hrímnir frá Jarðborunum hf. var fenginn til verksins. Haustið 2001 var svo jarðborinn Grímnir, einnig frá Jarðborunum hf., fenginn til að bora 2 holur til viðbótar. Í töflu 1 er yfirlit um þessar holur, staðsetningar þeirra, dýpi, lengd fõðringa o.s.frv. Staðsetningar holnanna

eru jafnframt sýndar á mynd 2. Ljósrit af öllum borskýrslum borverktaka er að finna í viðauka A.

Við staðsetningu holnanna var tekið tillit til niðurstaðna sprungukortlagningar og kortlagningar á upptökum smáskjálfta, sem fjallað var um hér að ofan. Einnig var haft í huga að kanna hitaástand í berggrunni á sem stærstum hluta þess leitarsvæðis, sem áður hafði verið afmarkað (Ólafur G. Flóvenz, 1998).

Eins og búist var við reyndist þykkt lausra jarðlaga á svæðinu mikil (Ólafur G. Flóvenz, 1998). Venja er að fódra af efsta hluta hitastigulsholna og steypa fódninguna, eða festa tryggilega með öðrum hætti, í klöpp. Lengd fódningar ræðst því af þykkt lausra jarðlaga (tafla 1) og þar sem fódningar eru dýrar ræðst kostnaður við boranir að miklu leyti af þykkt lausra jarðlaga.

Holurnar hafa allar verið hitamældar nokkrum sinnum (hitamælingarnar eru sýndar í viðauka B), fyrst fljótlega eftir borun og svo aftur nokkrum dögum eða vikum síðar. Að öllu jöfnu er holan látin standa í a.m.k 12 klst. áður en fyrsta hitamælingin er gerð. Ástæðan er kæling bergsins næst holunni vegna loft- eða vatnsdælingar í borun. Ef ekkert vatnsrennsli er inn í holuna, eða milli æða í henni, kemur hitastigullinn yfirleitt fram sem bein lína neðan um 10 til 20 m dýpis. Sé sú lína framlengd til yfirborðs gefur hún yfirleitt um 3 til 5°C hita við yfirborð, sem ætti að vera nálægt meðalárshita á viðkomandi svæði.

Ef hitamælingar eru truflaðar af vatnsrennsli í holum kemur það yfirleitt fram í mælingunum. Sem dæmi má nefna holurnar LA-1 og LA-2, þar sem hitinn er breytist lítið með dýpi á löngum kafla. Það stafar af því að vatn rennur úr þeim eins og hitaferlarnir bera glögg með sér.

Þeir þættir, aðrir en vatnsrennsli í borholum, sem áhrif hafa á hitastigullinn eru í fyrsta lagi vatnsrennsli í jarðlögum í nágrenni holunnar. Í öðru lagi gætir stundum áhrifa landhæðar, sem koma þannig fram að hitastigull í dölum mælist hærri en á hólum og hæðum. Í þriðja lagi getur mikið rof á skömmum tíma (jarðfræðilega séð) skapað falskan hitastigul. Sá falski stigull fjarar síðan hægt út (þúsundir ára) eftir að rofinu er lokið. Að lokum má nefna að mismunandi varmaleiðni jarðlaga getur haft áhrif á hitastigullinn, en það á vart við hér því jarðlagastaflinn er mjög einsleitur.

Niðurstöður hitamælinga eru sýndar á myndum B1-B4 í viðauka B. Hitastigullinn í öllum holunum er frekar lágur. Í holum SD-1, SD-3, SD-4, og SD-5 er hann um 60 til 80 °C/km. Þetta er svipaður eða ívið hærri stigull en bakgrunnshitastigullinn sem búast má við á þessu svæði. Sem dæmi má nefna að nýlega lauk svæðisbundinni kortlagningu á hitastigli við botn Eyjafjarðar í kringum Akureyri (Ólafur G. Flóvenz o.fl., 2002). Þar kemur fram að hitastigullinn er 40–60 °C/km víða á þessu svæði.

Hitastigullinn í holu SD-2 er heldur hærri en í hinum holunum eða rétt um 110 °C/km. Líklegasta skýringin á heldur hærri stigli er sú að um áhrif frá uppstreyminu sem fæðir laugarnar í Laugahlíð sé að ræða. Þegar þessi niðurstaða lá fyrir þótti rétt að bora fleiri holur til að sannreyna eða hafna þessari tilgátu. Því var hola SD-6 staðsett milli holu SD-2 og lauganna í Laugahlíð.

Tafla 1. Yfirlit um borholur í Svarfaðardal.

Auðkenni borholu	Nr. í gagna-grunni OS	Tímabil borunnar	Dýpi¹⁾ [m]	Fóðring²⁾ [m]	Klöpp³⁾ [m]	GPS-hnit (WGS84)	Hitastigull⁴⁾ [°C/km]
SD-1	52961	08.07.00 - 09.07.00	90	15	(13)	65.92940 N 18.57541 W	75
SD-2	52962	11.07.00 - 12.07.00	89	27	(25)	65.92222 N 18.57448 W	115
SD-3	52963	18.07.00 - 19.07.00	78	18	(16)	65.91207 N 18.58268 W	(80)
SD-4	52964	22.07.00 - 24.07.00	90	48	(46)	65.92962 N 18.54653 W	80
SD-5	52965	03.08.00 - 10.08.00	90	41	(39)	65.92110 N 18.54597 W	65
SD-6	52966	18.09.01 - 20.09.01	90	39	37	65.92495 N 18.58256 W	110
SD-7	52967	21.09.01 - 22.09.01	90	39	36	65.90336 N 18.58835 W	75
LA-1	52931	03.65 - 04.65	180,5	-	-	65.92406 N 18.58897 W	(280)
LA-2	52932	08.11.94 - 09.11.94	100	-	-	65.92642 N 18.58858 W	(220)


1) Holur SD-1 til SD-7 eru boraðar með 5¹/₂" krónu.

2) Holur SD-1 til SD-7 eru fóðraðar með 6⁵/₈" fóðringu.

3) Tölur innan sviga er áætlað dýpi á klöpp (út frá fóðringardýpi) þar sem dýpi á klöpp kemur ekki fram í borskýrslum.

5) Hitastiglar innan sviga eru óvissir vegna rennslis í holu.

Eins og búist var við var stigullinn í SD-6 einnig heldur hærri en bakgrunns-hitastigullinn. Þegar tillit var tekið til hæðarmunar á holutoppum SD-2 og SD-6 er ljóst að hiti í jarðlögum hækkar heldur í átt að uppstreyminu í Laugahlíð. Ekki var ljóst hvort þessi hitahækkun gat stafað af leiðni eða hvort lárétt rennsli ofarlega í jarðlögum þurfti til að skýra þessi hitaáhrif. Ef um leiðni er að ræða gefur það upplýsingar um djúphita í uppstreymisrás lauganna í Laugahlíð.



Mynd 3. Hitasnið þvert á ganginn, sem talinn er stjórna uppstreymi vatnsins, og gegnum holur LA-01, SD-06, SD-02 og SD-05. Í líkaninu er gert ráð fyrir láréttu rennsli út frá ganginum til að skýra tiltölulegan háan hitastigul í holu SD-02. Athugið að sami kvarði gildir lárétt og lóðrétt.

5. LÍKANREIKNINGAR

Til að kanna hvort unnt væri að lesa upplýsingar úr borholunum um líklegan hita djúpt (á 200–1000 m dýpi) í aðfærsluæð lauganna var sett upp tvívítt varmaleiðnilíkan (Ólafur G. Flóvenz, 1985) þvert á ganginn í hlíðinni ofan lauganna og gegnum holur LA-01, SD-06, SD-02 og SD-05. Forsendur líkansins eru eftirfarandi:


1. Heita vatnið kemur upp með bergganginum í hlíðinni ofan lauganna og streymir frá honum lárétt á litlu dýpi að uppsprettunum.
2. Gangurinn er lóðréttur.
3. Hóla 5 er nærri því að endurspegla ótruflaðan hitastigul á svæðinu, þ.e. þann hitastigul sem er utan áhrifa vatnrennslis jarðhitasvæðanna. Þessi stigull er reiknaður 60 °C/km og er í samræmi við mælingar á Árskógsströnd.

4. Jarðhitasvæðið er nógu gamalt til að líta megi svo á að æstætt varmajafnvægi ríki umhverfis rennislíleiðir vatnsins. Ennfremur að jarðhitasvæðið hafi ekki orðið fyrir verulegum breytingum síðustu aldirnar.

Hitastigi í ganginum á mismunandi dýpi var síðan breytt og með þeim hætti reynt að láta líkanið herma hitamælingarnar í holunum. Skemmst er frá því að segja að ómögulegt reyndist að fá líkanið til að skapa þann tiltölulega háa stigul sem mælist í holu SD-2 jafnvel þótt hafður væri mjög hár hiti í neðri hluta gangsins. Það þýðir að til að útskýra stigulinn í SD-2 og að nokkru í SD-6 þarf annað hvort að gera ráð fyrir lárétu rennsli á 100–200 m dýpi út frá ganginum í hlíðinni eða að gera ráð fyrir að annar lekur gangur eða sprunga sé einhver staðar nálægt holu SD-02. Hér er talið líklegra að um lárétt rennsli af 20–40°C vatni sé að ræða og gerir líkanið sem sýnt er á mynd 3 ráð fyrir því.

Á mynd 4 er sýnt hve vel reiknaður hiti út frá líkaninu samræmist mæligildum í holunum. Sé líkanið rétt er ekki mögulegt að fá upplýsingar um hita dýpra í svæðinu nema með því að bora dýpri holu, helst niður á 300–400 m dýpi sem næst holu LA-1. Hinn möguleikinn, að hár hitastigull í SD-02 skýrist af annarri jarðhitasprungu, verður hann aðeins kannaður með fleiri rannsóknaholum í nágenni SD-02.

Þar sem fyrrnefnda líkanið er talið líklegra (lárétt rennsli) er mælt með því að boruð verði 300–400 m djúp hola í grennd við holu LA-01.



Mynd 4. Mældur hiti í holum LA-01, SD-06, SD-02 og SD-05 (hringir) ásamt reiknuðum hita samkvæmt varmaleiðnilíkaninu (krossar) á mynd 3.

6. NIÐURSTÖÐUR

Að tilstuðlan Dalvíkurbyggðar var ráðist í jarðhitaleit í nágrenni Húsabakkaskóla í Svarfaðardal. Niðurstöður þessarar leitar eru því miður neikvæðar. Kortlagning smáskjálfta og sprungna gaf ekki ábyggilegar vísbendingar um tilvist lekra sprungna í Svarfaðardal, umfram það sem þegar er þekkt í Laugahlíð. En að sjálfsögðu útilokar það ekki tilvist slíkra sprungna. Hitastigulsboranir benda heldur ekki til þess að nýtanlegt uppstreymi heits vatns sé í grennd byggðarinnar við skólann, annað en það sem áður var þekkt í Laugahlíðinni. Sá vægi stigull sem finnst í nágrenni skólans er líklega tengdur láréttu rennsli á volgu vatni á litlu dýpi frá aðfærsluæðum lauganna í Laugahlíð. Til að staðfesta þessa tilgátu er skynsamlegt að dýpka holu SD-6 og freista þess að skera þannig þetta lárétta rennsli.

Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir var ákveðið að taka sýni af vatninu úr holu LA-1 í Laugahlíð til að sannreyna niðurstöður eldri efnagreininga. Sú niðurstaða var, eins og áður sagði, á þá leið að innihald uppleystra efna benti til þess að vatnið í uppstreymisrásinni undir Laugahlíð hitni ekki verulega með dýpi. Þar sem eldri efnagreiningar á Laugahlíðarvatninu eru frá því fyrir 1980, og verulegar framfarir hafa orðið í greiningartækni síðan, þótti rétt að taka nýtt sýni til efnagreiningar. Sýnið var tekið í miðlunarkari við LA-1 í Laugahlíð (12.11.2001). Hitastig vatnsins reyndist 33,4°C. Kísilinnihald (Si) í vatninu er lágt (54,9 ppm) og magnesíuminnihald (Mg) er einnig lágt (0,026 ppm). Kísilinnihaldið bendir þess að hitastig vatnsins sé fremur lágt (líklega $T < 50^{\circ}\text{C}$) og magnesíum innihaldið bendir til þess að ekki hafi orðið blöndun við kalt yfirborðsvatn, en slík blöndun getur valdið skekkjum í túlkun efnagreininga. Fjallað verður nánar um þessa efnagreiningu í næstu vinnslueftirlitsskýrslu fyrir Hitaveitu Dalvíkurbyggðar.



Í ljósi niðurstaðna þessarar skýrslu eru bestu kostirnir í stöðunni taldir vera eftirfarandi:

- 1) Að dýpka holu SD-6 eins og áður sagði og freista þess að staðfesta meint lárétt rennsli frá aðfærsluæð lauganna í Laugahlíð.
- 2) Að bora dýpri holu við laugarar í Laugahlíð til að tryggja meira vatn, sem með hjálp varmadælna mætti nýta fyrir Húsabakkaskóla og byggðina í nágrenninu.
- 3) Að kanna möguleika þess að auka orkuvinnslu við Hamar og hagkvæmni þess að leiða þaðan vatn fram í dal að byggðinni við Húsabakka.



7. HEIMILDIR

- Árni Hjartarson, 1985: *Laugahlíð í Svarfaðardal. Jarðhiti*. Orkustofnun, OS-85086/JHD-45 B, 12 s.
- Fjäder, K., Gudmundsson, A. og Forslund T. 1994: Dikes, minor faults and mineral veins associated with a transform fault in North Iceland. *Journal of Structural Geology*, 16; 109–119.
- Grímur Björnsson og Kristján Sæmundsson, 1998: *Jarðhitaleit á köldum svæðum*. Ársfundur Orkustofnunar 1998, OS-98009, 18 s.
- Haraldur Sigurðsson, 1967: *Dykes, fractures and folds in the basalt plateau of Western Iceland*. Rit Vísindafélags Íslendinga 38, 162–169.
- Ólafur G. Flóvenz, 1985: *Application of Subsurface Temperature Measurements in Geothermal Prospecting in Iceland*. *Journal of Geodynamics* 4, bls.331–340.
- Ólafur G. Flóvenz og Ómar Bjarki Smáráson, 1997: *Jarðhitaleit á Árskógsströnd 1996*. Orkustofnun, OS-97002, 49 s.
- Ólafur G. Flóvenz, Ragna Karlsdóttir, Kristján Sæmundsson, Ómar B. Smáráson, Hjálmar Eysteinnsson, Grímur Björnsson, Magnús Ólafsson og Þorsteinn Thorsteinsson, 2000: *Geothermal exploration in Árskógsströnd, N-Iceland*. WGC 2000 6 s.
- Ólafur G. Flóvenz, 1998: *Áætlun um jarðhitarannsóknir í Svarfaðardal*. Orkustofnun, greinargerð ÓGF-98/05, 3 s.
- Ólafur G. Flóvenz og Ómar Bjarki Smáráson, 1997: *Jarðhitaleit á Árskógsströnd 1996*. Orkustofnun, OS-97002, 15 s.
- Sigurður Th. Rögnvaldsson, 2000: *Kortlagning virkra misgengja með skjálftamælingum -yfirlit*. Rit veðurstofu Íslands, VÍ-R00001-JA01, 15 s.
